

Samþykkt fyrir framkvæmda- og eignaráð Reykjavíkurborgar

Umboð

1. gr.

Framkvæmda- og eignaráð starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 638/2001 með síðari breytingum og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Verksvið

2. gr.

Framkvæmda- og eignaráð skal móta stefnu um kaup, sölu og rekstur eigna Reykjavíkurborgar. Jafnframt hefur ráðið eftirlit með rekstri framkvæmda- og eignasviðs og því að samþykktum og stefnumörkun sé fylgt. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður. Ráðið skal taka ákvarðanir og gera tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess.

Framkvæmda- og eignasvið annast framkvæmd stefnu og verkefna framkvæmda- og eignaráðs, stjórnarsýslu og samskipti við aðrar stofnanir borgarinnar.

3. gr.

Framkvæmda- og eignaráð fer m.a. með eftirtalin verkefni:

1. Er fagsviðum Reykjavíkurborgar til samráðs um forgangsröðun nýframkvæmda á hverju sviði fyrir sig.
2. Vinnur þriggja ára áætlun um nýframkvæmdir, kaup og sölu eigna borgarinnar í samráði við fagsvið Reykjavíkurborgar og á grundvelli forgangsröðunar borgarráðs og skilar borgarráði jafnframt áætlun um rekstrarkostnað eignanna.
3. Samþykkir endanlega hönnun og útfærslu nýrra mannvirkja og yfirfer framkvæmdina að henni lokinni.
4. Staðfestir leigu, þjónustu- og rekstrarsamninga, sem framkvæmda- og eignasvið gerir við fagsvið borgarinnar og aðra aðila.
5. Vinnur að þróun þeirra krafna, sem gerðar eru til framkvæmda og mannvirkjagerðar á vegum borgarinnar.
6. Gerir tillögu til borgarráðs að reglum um úthlutun lóða og sölu byggingarréttar. Afgreiðir eftir slíkum reglum beiðnir um aðilaskipti að leigulóðum og byggingarrétti, sem þegar hefur verið úthlutað.
7. Gerir tillögur til borgarráðs um úthlutun lóða og sölu byggingarréttar, á grundvelli reglna borgarráðs.
8. Gerir tillögur til borgarráðs að reglum um kaup og sölu Reykjavíkurborgar á fasteignum (mannvirkjum, lendum og lóðum) þ.m.t. kaup eða sölu sem miðar að því að skipulagsleg markmið borgaryfirvalda nái fram að ganga. Staðfestir eftir slíkum reglum ákvarðanir um kaup eða sölu slíkra eigna.

Ágreiningi um hvort tiltekið mál eigi undir ráðið ber að vísa til borgarráðs.

4. gr.

Framkvæmda- og eignaráð skal í störfum sínum fylgja eftirfarandi almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs:

1. Stefnumörkun borgarinnar
2. Starfsmannastefnu
3. Samgöngustefnu
4. Stefnu í aðgengismálum
5. Upplýsingastefnu
6. Upplýsingatækni- og gagnastefnu
7. Innkaupastefnu og innkaupareglum
8. Mannréttindastefnu

9. Umhverfisstefnu
10. Reglum um auglýsingu og afgreiðslu almennra styrkumsókna
11. Reglum um meðferð trúnaðarupplýsinga
12. Stefnu í erlendum samskiptum
13. Siðareglum
14. Leikreglum með fjárhagsáætlun

Jafnframt fylgir framkvæmda- og eignaráð eftirfarandi samþykktum:

1. Úthlutunarreglum byggingarlóða í Reykjavík.
2. Reglum um framkvæmdir í Elliðaárdal.
3. Reglum um kaup og sölu fasteigna, lóða og lendna.

Skipan

5. gr.

Framkvæmda- og eignaráð er skipað 7 fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs formann og skal hann vera borgarfulltrúi eða varaborgarfulltrúi. Ráðið kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Framboðslista sem á fulltrúa í borgarstjórn er heimilt að tilnefna borgarfulltrúa eða varaborgarfulltrúa til að sitja fundi framkvæmda- og eignaráð, með málfrelsi og tillögurétt, eigi hann ekki fulltrúa í ráðinu.

Framkvæmda- og eignaráð getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, starfs- eða vinnuhópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, starfs- og vinnuhópa til borgarráðs.

Verkstjórn og verkaskipting

6. gr.

Formaður framkvæmda- og eignaráðs er í forsvari fyrir ráðið um stefnumótun og ákvarðanir þess, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Sviðsstjóri framkvæmda- og eignasviðs ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnarsýslu sviðsins, þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu borgaryfirvalda.

Boðun funda og fundarsköp

7. gr.

Framkvæmda- og eignaráð heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Komi fram ósk þriggja ráðsmanna um fund í ráðinu ber að verða við því. Fella má niður fundi í júlí og ágúst eða í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við sviðsstjóra og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál, sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði þess. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. sólarhrings fyrirvara, og skal dagskrá fylgja fundarboði.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað.

Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, eftir því sem við á.

Sviðsstjóri eða staðgengill hans skal sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá sem það telur þörf á hverju sinni.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

8. gr.

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Framkvæmda- og eignaráð skal halda gerðarbók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar. Framkvæmda- og eignasvið sér um skrifstofuhald fyrir ráðið og leggur því til fundarritara.

Í upphafi árs skal kynna fundadagatal ráðsins. Þar komi m.a. fram tímasetning funda til undirbúnings starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar ársfjórðungsuppgjöra, ásamt tímasetningu opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum, eftir því sem við á.

Fjármál

9. gr.

Framkvæmda- og eignaráð felur sviðsstjóra framkvæmda- og eignasviðs að vinna tillögu að starfs- og fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsröðun þess og borgarráðs. Ráðið afgreiðir starfsáætlun framkvæmda- og eignasviðs og tillögu til borgarráðs að fjárhagsáætlun sviðsins. Formaður ráðsins og sviðsstjóri kynna borgarráði starfsáætlun og tillögu að fjárhagsáætlun.

Ráðningar

10. gr.

Borgarráð ræður sviðsstjóra framkvæmda- og eignasviðs, að fenginni tillögu borgarstjóra, til fimm ára í senn. Sviðsstjóri ræður í aðrar stjórnunarstöður á sviðinu.

Fullnaðarafgreiðslur

11. gr.

Framkvæmda- og eignaráð afgreiðir án staðfestingar borgarráðs eftirtalin verkefni samkvæmt heimild í 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/2003, sbr. lög nr. 74/2003, og viðauka 1.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar:

- a) Beiðnir um aðilaskipti að leigulóðum og byggingarrétti sem þegar hefur verið úthlutað, skv. reglum sem borgarráð setur.

Framkvæmda- og eignaráð getur vísað afgreiðslu mála samkvæmt 1. mgr. til borgarráðs og er skylt að vísa þeim til borgarráðs sé þess óskað af þriðjungi fulltrúa í ráðinu hið fæsta.

Framangreindar afgreiðslur framkvæmda- og eignaráðs, sbr. 1. mgr., skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi borgarráðs.

Málsmeðferð

12. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvæðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna.

Óski aðili frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu framkvæmda- og eignaráðs skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal framkvæmda- og eignaráð taka mál upp að nýju.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

06.04.2010

Gildistaka

13. gr.

Samþykkt þessi tekur gildi 1. janúar 2008. Frá sama tíma fellur niður samþykkt fyrir framkvæmdaráð frá 5. apríl 2005, með síðari breytingum

Samþykkt á fundi borgarstjórnar 2. október 2007, með breytingum samþykktum á fundi borgarráðs 14. ágúst 2008 og fundi borgarstjórnar 6. apríl 2010